



## **Fundargerð**

Fundur umhverfis og náttúruverndarnefndar Reykhólahrepps með áhaldahúsi.  
föstudaginn 24. ágúst 2012, kl. 13:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariútröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sátu fundinn Egill Sigurgeirsson, Jón Kjartansson og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð

Fundargerð rituð í tölvu og er 1 blaðsíða.

## **Dagskrá:**

### **Mál til afgreiðslu:**

#### **1. Sorpsvæði í Reykhólahreppi.**

Farið var yfir stöðu á sorpmálum. Það á eftir að koma rafmagni að svæðinu vegna, pressunar. Loka girðingu, koma læsingu á girðingu, koma fyrir gámum sem standa utan svæðis inn á svæðið. Þá er eftir vinna við flokkunargám, opnun á fögum fyrir flokkun og aka út flokkunarkör í sveitirnar, Gámaþjónusta Vesturlands á eftir að útvega festingar vegna þeirra. Þá þarf að flytja gáminn í Króksfjarðarnesi upp á mela og flytja gámana á Miðjanesi á sorpsvæðið. Framkvæmdum verður lokið 15. september 2012.

### **Önnur mál: (ef einhver)**

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 14:00**

---

---

---